



Fræðslunefnd Blönduós bæjar - 12. fundur

haldinn í leikskólanum Barnabæ að Hólabraut 17, 24. september 2015

og hófst kl. 17:15

**Fundinn sátu:**

Kristín Ingibjörg Lárusdóttir, formaður  
Kristín Jóna Sigurðardóttir, aðalmaður  
Linda Sóley Guðmundsdóttir, varamaður  
Jóhanna Guðrún Jónasdóttir, leikskólastjóri  
Edda Brynleifsdóttir, áheyrnarfulltrúi kennara

**Fundargerð ritaði:** Kristín Ingibjörg Lárusdóttir, formaður,

**Dagskrá:**

**1. Skóladagatal leikskólans Barnabæjar 2015/2016 - 1509021**

*Jóhanna leikskólastjóri lagði fram skóladagatal leikskólans.  
Starfsdagar eru fjórir. Sumarleyfi frá 13. júlí ? 11. ágúst. Ýmsir atburðir merktir inn á dagatalið eins og jólakaffi, vorhátíð o.fl.  
Leikskólinn heldur inn í veturinn með nokkuð hefðbundinni dagskrá.  
Skóladagatalið borið upp og samþykkt með þremur samhljóða atkvæðum.*

**2. Dagleg starfsemi í leikskólanum Barnabæ - 1509020**

*I) Nemendafjöldi á leikskólanum eru 58 börn. Starfsmenn eru 20.*

*II) Jóhanna kynnti fyrir nefndarmönnum mál- og læsisstefnu leikskóla á svæðinu sem Barnabær er þátttakandi í. Markmið verkefnisins að allir nemendur nái hámarksárangri í því sem unnið er með hverju sinni er varðar mál og lestur.*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:15**

_____	_____
_____	_____
_____	_____